



Katalónar gengu að kjörborðinu í gær og kusu um sjálfstæði héraðsins frá Spáni. Aðgerðir lögreglu settu þó svip á kjördaginn og var lögregla sökuð um harðræði og aðgerðir spænskra stjórnvalda gagnrýndar. Þessir óeirðarlögreglumenn stilltu sér upp til þess að koma í veg fyrir að kjösendur gætu sótt kjörstað í Ramon Llull-skólanum í Barcelona. Sjá síðu 6. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Greiddi of mikla skatta vegna Wintris

Anna Sigurlaug Pálsdóttir, eiginkona Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, fór fram á það að skattframtöl sín fyrir árin 2011 til og með 2015 yrðu leiðrétt. Ekki var lagt álag á hana vegna þessa og því ekki uppi grunur um að reynt hafi verið að skjóta undan skatti.

STJÓRNSÝSLA Anna Sigurlaug Pálsdóttir, eiginkona Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, ofgreiddi skatta vegna félags síns Wintris. Þetta er niðurstaða yfirskattanefndar en nefndin kvað upp úrskurð sinn 22. september síðastliðinn. Úrskurðurinn var birtur fyrir helgi.

Í úrskurðinum segir að 16. maí 2016 hafi Anna Sigurlaug farið þess á leit við ríkisskattstjóra að framtöl hennar fyrir árin 2011 til og með 2015 yrðu leiðrétt. Hefði hún lagt

Wintris til lánsfé til fjárfestinga, en skuld félagsins við Önnu nam í upphafi árs 2010 rúmum 1,1 milljarði króna, á árinu 2008 og samanstæðu eignir félagsins af hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum, markaðsverðbréfum og innlánnum í banka. Á skattframtölum Önnu hefðu eignir skráðar á Wintris verið taldar fram sem eignir hennar og eignir félagsins því taldar fram sem fjármagnstekjur.

„Um áramót barst niðurstaða

þar sem ríkisskattstjóri fór nýja leið við útreikning skattstofna (auk þess sem leiðrétt var fyrir síðbúinni innheimtu skuldar við félagið sem talin hafði verið töpuð og hafði ekki skilað sér til hins skilvíska skattgreiðanda Wintris). Þetta fól í sér nokkra hækkun skattstofns. Það sem skipti þó meira máli var að ljóst þótti að ekki hefði verið gerð tilraun til skattaundanskots. Fyrir vikið þurfti ekki að greiða álag af viðbótarupphæðinni,“ segir Sig-

mundur Davíð í aðsendri grein í blaðinu í dag.

Í niðurstöðu ríkisskattstjóra var erindi Önnu tekið til greina að hluta en ekki var fallist á færslu vegna gengisbreytinga. Þýddi það að uppsafnað ónotað tap Wintris varð rúmar 50 milljónir í stað rúmra 162 milljóna. Anna greiddi sína skatta, tæpar 25 milljónir, með fyrirvara, í samræmi við niðurstöðuna en kærði hana áfram til yfirskattanefndar.

Í úrskurði nefndarinnar segir að tekjur „íslenskra skattaðila vegna eignarhalds á lágskattsvæði væru með sambærilegum hætti og um væri að ræða starfsemi hér á landi.“ Þyrfti það að koma sérstaklega fram í lögum ef það ætti ekki að eiga við um færslu gengismunar. Kröfur Önnu voru því teknar til greina.

Önnu voru að auki úrskurðaðar 500 þúsund krónur í málskostnað. Uppi hafði verið höfð krafa um 2 milljónir króna. – jõe / sjá síðu 9

Heklaði skírnarkjól dóttur sinnar

SAMFÉLAG Hinn 23 ára gamli Kjartan Jónsson byrjaði að hekla og prjóna af miklum móð þegar hann og unntasta hans komust að því að þau ættu von á barni. Það fór svo að Kjartan heklaði skírnarkjól fyrir dóttur sína.

Hann segir þrjónaskapinn hreint ekki vera flókin og hvetur alla til að kaupa nál og garn og prófa sig áfram. Lykilatriði sé að ná góðum skilningi á öllum grunnatriðum – gh, sjá síðu 22



Fólk í forgrunni en ekki málefni

STJÓRN MÁL Viðbúið er að kosningarar síðar í mánuðinum muni snúast meira um fólk og minna fari fyrir málefnum. Útlit er fyrir að koma nýrra flokka á þing muni helst stuðla að nýliðun á þingi.

„Það er svo skammt frá síðustu kosningum að það er viðbúið að hvorki fólk né málefni muni taka miklum breytingum. Það var viðbúið,“ segir Eva Heiða Önnudóttir, nýdoktor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

„Í fyrra voru prófkjör sem tóku tíma. Í ljósi þess þarf ekki að koma á óvart þó það séu litlar breytingar,“ segir Grétar Þór Eypórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri. „Það hefur í raun enginn tíma til annars en að stillta upp sama liði og í fyrra.“ – jõe / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

Halldór



SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um börn á flóttu. 9

SPORT Pepsi-deild karla kláraðist um helgina. Bikar fór á loft á Hlíðarenda og Grindvíkingar fögnuðu markameti Andra Rúnars Bjarnasonar. 10

LÍFID Hinn 23 ára Kjartan Jónsson heklaði skírnarkjól á dóttur sína. 22

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ
● FÓLK ● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Pinex®
Smelt

Munndreifitöflur
250 mg



Actavis


VERTU LAUS VIÐ
LIÐVERKI



NUTRILENK™
GOLD

www.artasan.is

Veður



Norðvestanátt í dag, 5-15 m/s, hvassast suðaustan til. Lítilsháttar rigning eða skúrir en léttskýjað á Suðausturlandi og Austfjörðum. Hiti yfirleitt á bilinu 6 til 11 stig. **SJÁ SÍÐU 16**

Telja ekki vera neikvæð áhrif af Hvalárvirkjun

ÍSAFJÖRÐUR Hvalárvirkjun myndi ekki á nokkurn hátt hafa neikvæð áhrif á eigendur jarða eða fasteigna í Ísafjarðarbæ. Þetta er mat skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar.

Matið byggist á því að svæðið sem mun og kann að verða fyrir áhrifum af framkvæmdunum sé í um þrettán kílómetra fjarlægð frá sveitarfélagarmörkunum.

„Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa í um áratug horft til Hvalárvirkjunar sem vendipunkt í raforkumálum í fjórðungnum. Með virkjuninni skapast forsenda fyrir hringtengingu rafliða á Vestfjörðum með lagningu línu um Ísafjarðardjúp og orkuframleiðslu sem hefur möguleika á að anna allri eftirspurn á Vestfjörðum,“ segir í bókuninni. – þea

Björinn sannarlega ekki allra



Upplýstar bjórauglýsingar visuðu veginn á afmælisfund SÁÁ í Háskólabíói í gærkvöld. Fundurinn var þétt setinn, enda fagna samtökin nú fjörtíu ára baráttu gegn áfengis- og vímuefnavanda á Íslandi. Samtökin, sem stofnuð voru árið 1977, standa fyrir einni víðamestu ráðstefnu um fikn sem haldin hefur verið hér á landi á Hilton Reykjavík Nordica en hún hefst í dag og stendur í þrjá daga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Búið er að koma efni að stöplinum sem laskaðist. MYND/VEGAGERÐIN

Hundrað milljóna króna tjón

SAMGÖNGUR Bráðabirgðabrúin yfir Steinavötn hefur verið opnuð fyrir gangandi umferð. Búið er að veita vatni frá brúarstöpli sem laskaðist í kjölfarið á miklu vatnsveðri sem gekk yfir Austurland í síðustu viku. Eitthvað virðist hafa sjatnað í ánni og virðist brúin nú stöðugri en áður. Engu að síður er enn mikið vatn í ánni, þó það fari minnkandi.

Vegagerðin vonast til að ljúka smíði brúarinnar á föstudaginn.

Hinir miklu vatnavextir á austurhluta landsins undanfarna daga eru skilgreindir sem náttúruhamfarir. Hulda Ragnheiður Árnadóttir, framkvæmdastjóri Viðlagatryggingar Íslands, sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær að tjónið væri bundið við nokkur afmörkuð svæði. Þetta séu fá tilfelli, en umfangsmikil.

„Við erum að tala um eitthvað í kringum 200 milljóna króna tjón,“ segir Hulda. – haó

Fagnar fimm tíu árum á sama leikskólanum

Síðustu hálfu öld hefur Þóra María Stefánsdóttir leiðbeint börnum á sama leikskólanum. Dæmi eru um að tveir ætliðir hafi numið undir leiðsögn hennar. Þóra segir enga tvo daga á leikskólanum vera eins. Launin mættu þó vera hærrí.

SAMFÉLAG Á dögnum fagnar Þóra María Stefánsdóttir fimm tíu ára starfsafmæli á leikskólanum Laugasól. Á þeim tíma hefur hún kennt fjölda barna og meðal annars börnum barna sem hún kenndi fyrir mörgum árum.

„Ég hef verið þarna lengi en ég er ekki á þeim buxunum að hætta. Ég ætla hins vegar að minnka töluvert við mig núna,“ segir Þóra. Hún bætir því við að hún sé ekki menntaður leikskólakennari en hafi starfað sem leiðbeinandi lungann úr ævi sinni.

„Það hafa fjölmörg börn verið í Laugasól á tíma mínum hér. Það eru nokkur börn á leikskólanum sem eiga foreldra sem ég leit eftir á árum áður. Mér finnst það svolítið skritið,“ segir Þóra og hlær. Enn sem komið er hafi það þó ekki gerst að hún hafi kennt þremur ætliðum.

„Það var reyndar stúlka að vinna með mér herna sem var að eignast barn fyrir stuttu. Ég kenndi pabba hennar hér í eina tíð. Ég hugsa að ég nái nú ekki þriðja liðnum.“

Adspurð um eftirminnilegustu dagana á starfsævi sinni segir Þóra að henni hafi verið komið mjög á óvart nú á 50 ára starfsafmælinu. Þá hafi systir hennar smalað saman í veislu og fullt af fólki mætt. Það hafi einnig verið uppi á teningnum fyrir tíu árum síðan þegar hún náði þeim árangri að starfa í fjörtíu ár á Laugasól.

Á starfsævi Þóru hefur leikskólinn breyst töluvert. Til að mynda hefur fjöldi barna á leikskólanum aukist og húsnæði stækkað og breyst í samræmi við það. Þá sameinaðist Laugasól leikskólanum Lækjar-



Þóra María umkringd börnum sem eru á leikskólanum nú. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það eru nokkur börn á leikskólanum sem eiga foreldra sem ég leit eftir á árum áður. Mér finnst það svolítið skritið.

Þóra María Stefánsdóttir, leiðbeinandi á leikskólanum Laugasól

borg. Þóra segir það í eðli starfsins að engir tveir dagar séu eins. Hún komi misjafnlega þreytt heim í lok hvers dags.

„Ég vil sem minnst segja um hvað eða hvort eitthvað þurfi að bæta í starfinu. Það verða leikskólastjórnarnir að sjá um. Kaupið mætti hins vegar vera hærra,“ segir Þóra að lokum. johannoli@frettabladid.is



AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR VW

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Volkswagen.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.



Volkswagen

Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu. Komið, sjáið og sannfærist.

bilson
-VERKSTÆÐIÐ-

Kletthálsi 9 • Sími 568 1090

Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

VELDU HYBRID

YARIS | AURIS | PRIUS | C-HR | RAV4



Vertu Hybrid megin í umferðinni ásamt 10 milljónum ökumanna um heim allan.

Hybrid bílarnir frá Toyota eru einstaklega áreiðanlegir og liprir í akstri. Þeir eru búnir hátæknilegum búnaði þar sem kerfið sér sjálft um að skipta milli bensínmotors og rafhlöðu á orkusparandi hátt. Rafhlaðan er hönnuð til að endast líftíma bílsins og þú þarft aldrei að stinga í samband!

Veldu kraft, fegurð og framfarir, og færðu þig yfir á Hybrid í dag.

• Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Stefna stjórnvalda ekki borið árangur

UTANRÍKISMÁL Innleiðingarhalli íslenskra stjórnvalda á reglugerðum á grundvelli EES samningsins hefur staðið í stað í nokkurn tíma og er 2,2 prósent þrátt fyrir stefnu stjórnvalda um að ná innleiðingarhallanum niður fyrir eitt prósent á fyrri hluta árs 2015.

Ný skýrsla ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, um innleiðingarhalla EFTA ríkjanna, Íslands, Noregs og Liechtenstein, sýnir að Ísland er mjög seint í samanburði við hinar þjóðirnar að taka upp reglugerðir EES.

Innleiðingarhalli Íslands fór hæst í rúm þrjú prósent árið 2013 en lægst hefur hann farið í 1,8 prósent í nóvember 2015.

Í mars árið 2014 setti Gunnar Bragi Sveinsson, þáverandi utanríkisráðherra, markmið stjórnvalda sem fólust í því að laga þennan innleiðingarhalla og koma í veg fyrir að íslensk stjórnvöld yrðu dregin fyrir EFTA dómstólinn vegna vanefnda á EES samningnum. „Á árinu 2014 verði upptöku gerða í EES-samninginn hraðað umtalsvert og eigi síðar

en á fyrri hluta árs 2015 verði innleiðingarhalli EES gerða orðinn undir 1 prósent,“ stóð í stefnunni.

Í nýjustu skýrslunni kemur fram að Íslandi hefur mistekist að bæta stöðu sína. Af þeim tilskipunum sem Ísland á að vera búit að innleiða vantar enn upp á átján þeirra, þar af hafa fimm tilskipanir átt að vera komnar í notkun hér fyrir tveimur árum eða meira. Einnig skortir 70 reglugerðir frá EES sem ekki hafa verið teknar upp. Að mati ESA þurfa Íslensk stjórnvöld að gyropa sig í brók hvað þetta varðar. –sa



Við erum langt á eftir hinum EFTA ríkjum að taka upp tilskipanir í gegnum EES samninginn. Að mati ESA þurfa stjórnvöld að gera betur. FRÉTTABLAÐIÐ/EFTA



Donald Trump Bandaríkjaforseti. NORDICPHOTOS/APP

Segir Tillerson sóa tíma sínum

BANDARÍKIN Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, sagði í gær að utanríkisráðherrann Rex Tillerson væri að sóa tíma sínum með því að reyna að ræða við yfirvöld í Norður-Kóreu um kjarnorkuvopnaáætlun ein-ræðisríkisins.

„Sparaðu orku þína Rex, við gerum það sem þarf að gera,“ tísti forsetinn í gær.

Tíst Trumps kom í kjölfar þess að fréttir birtust um að Bandaríkjamenn hefðu átt í viðræðum við Norður-Kóreumenn um að láta af kjarnorkuvopnaáætluninni.

Sjálfur sagði Tillerson á laugardag að Norður-Kórea hefði engan áhuga á viðræðum. – þea

Tvær myrtar með hníf í Marseille

FRAKKLAND Tvær konur voru í gær stungnar til bana í frönsku borginni Marseille á lestarstöðinni sem kennd er við heilagan Karl. Hermenn skutu árársmanninn til bana í kjölfarið og er árasin rannsökuð sem hryðjuverk.

Franska blaðið Le Monde greindi frá því í gær, og vitnaði í nafnlausan heimildarmann, að árársmannurinn hafi hrópað „Allahu Akbar“ þegar hann réðst á konurnar. Franskir miðlar greina jafnframt frá því að önnur konan hafi verið skorin á háls en hin stungin til bana. – þea

Tímaþröng einkennir listana

Framboðslistar sem liggja fyrir fyrir komandi kosningar eru nokkuð áþekkir þeim sem kosið var um fyrir ári síðan. Stjórn málafræðingar segja eðlilegt og gott að vissu marki að endurnýjun sé lítil milli kosninga nú.



2017

STJÓRN MÁL Viðbúið er að kosningar síðar í mánuðinum muni snúast meira um fólk og minna fari fyrir málefnum. Óvíst er hve mikil endurnýjun verður á þingi.

Framboðslistar fyrir kosningarnar hafa verið að taka á sig mynd á undanföllum dögum. Þeir fimm listar Sjálfstæðisflokksins sem liggja fyrir eru nánast óbreyttir frá kosningunum í fyrra og fjórir af sex oddvitum Flokks fólksins eru þeir sömu og síðast.

Hjá Pírötum, þar sem efstu sæti allra lista hafa verið kunngjörð, er nokkuð um sætabreytingar á höfuðborgarsvæðinu og í Kraganum. Helgi Hrafn Jónsson kemur inn á ný en Birgitta Jónsdóttir og Ásta Guðrún Helgadóttir hætta á þingi. Þá mun Gunnar Hrafn Jónsson færast niður um sæti á öðrum hvorum Reykjavíkurlistanum en Halldóra Mogensen upp um sæti á móti.

Samfylkingin kynnti talsvert endurnýjaða lista fyrir Reykjavíkurborgardæmin tvö um helgina en flokkurinn náði ekki inn manni í kjördæmunum síðast. Formaðurinn Logi Már Einarsson fer fremstur í flokki í norðaustur. Aðrir listar liggja fyrir á allra næstu dögum. Hjá flestum flokkum sem eiga menn á þingi virðist stefna í, í flestum tilfellum, að sitjandi þingmenn haldi sínum sætum.

„Það er svo skammt frá síðustu kosningum að það er viðbúið að hvorki fólk né málefni muni taka miklum breytingum. Það var viðbúið,“ segir Eva Heiða Önnudóttir, nýdóktor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Hún segir það þessu sinni hafa ákveðna kosti að ekki sé mikið um endurnýjun.



Mikil endurnýjun varð í síðustu kosningum. Nærri helmingur þingmanna náði þá kjöri í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þó endurnýjun geti oft verið af hinu góða þá er ekki heppilegt að missa alla þessa gömlu út.

Eva Heiða Önnudóttir, nýdóktor í stjórnmálafræði



„Frá 2009 hefur verið ótrúlega mikil endurnýjun við hverjar kosningar. Þó endurnýjun geti oft verið af hinu góða þá er ekki heppilegt að missa alla þessa gömlu út. Það getur tekið eitt til tvö ár að koma sér inn í svona sérhæft starf og því er eðlilegt og gott, að vissu marki, að þetta sé sama fólk. Sér í lagi þegar það er svona stutt frá síðustu kosningum,“ segir Eva Heiða.

„Í fyrra voru prófkjör sem tóku tíma. Í ljósi þess þarf ekki að koma á óvart þó það séu litlar breytingar,“ segir Grétar Þór Eypórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann

á Akureyri, og tekur undir orð Evu. „Það hefur í raun enginn tíma til annars en að stilla upp sama liði og í fyrra.“

Tímaskorturinn hefur einnig áhrif á málefnið að mati Grétars. Lítil tími gefst til þess að leggja í djúpa mál-efnavinnu heldur reyni flokkarnir frekar að skerpa á þeirri stefnu sem keyrt var á í fyrra.

„Í stað kosninga um málefni verður nú kosið um fólk og trúverðuleika þar sem menn reyna að sýna fram á að menn séu traustsins verðir,“ segir Grétar Þór. johannoli@frettabladid.is

VETRARSÝNING JEEP

Í OKTÓBER FYLGIR UPPHÆKKUN OG STÆRRI VETRARDEKK ÖLLUM NÝJUM

CHEROKEE

JEEP SÝNING LAUGARDAGINN

7. OKTÓBER OPIÐ 12 - 17



VERÐ FRÁ 6.690.000.-

ÍSABAND
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

ABERDEEN INNAN SEILINGAR

Verð frá **12.990 kr.**

Sölutímabil 30.sept - 31. okt 2017.

Ferðatímabil 1.okt - 31.des 2017



Skreptu til Skotlands í haust

Þú finnur ekki notalegri helgarferð en til Aberdeen. Flugíð er stutt, flugvöllurinn er lítill og nálægt miðborginni og svo eru Skotar vingjarnlegir gestgjafar. Hvort sem þig langar að skoða rómantískar kastalarústir, spila golf eða nýta þér hagstætt verðlag til að versla, tekur Aberdeen vel á móti þér.

Flugíð er í samstarfi við Air Iceland Connect og flogíð á Q400 vélum.

ICELANDAIR 

Alvarleg aðför að lýðræðinu í Katalóníu

Að minnsta kosti 800 særðust í átökum í Katalóníu í gær. Kosið var um sjálfstæði Katalóníu eftir ítrekaðar kröfur Spánverja um að kosningarnar ættu ekki að fara fram. Birgitta Jónsdóttir var í Katalóníu og segir framgang Spánverja alvarlega aðför að lýðræðinu.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

SPÁNN „Þetta er mjög alvarleg aðför að lýðræðinu á allan hátt. Hér eru mjög alvarleg brot sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Ég vona að fólk átti sig á því að það er óásættanlegt að svona gerist í einu af lykirlíkjum Evrópu,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pirata, en hún var stödd á kjörstað í Barcelona í Katalóníu þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gær.

Fyrstu tölur lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun. Carles Puigdemont, forseti héraðsstjórnar Katalóníu, sagði í gærkvöld að Katalónar hefðu unnið sér inn réttinn til sjálfstæðis. Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, sagði Katalóna hafa verið blekkt til þess að taka þátt í ólöglegum kosningum.

Rúmlega 800 særðust

Katalónar gengu í gær að kjörborðinu til að kjósa um sjálfstæði frá Spáni eftir ítrekaðar kröfur spænsku ríkisstjórnarinnar um að hætta við áformin og eftir að Spánverjar lýstu kosningarnar ólöglegar. Allt kom þó fyrir ekki og hélt héraðsstjórn stríki sínu og hvatti fólk til að mæta á kjörstað.

Spánverjar brugðust við með því að senda óeirðarlögreglusveitir á kjörstaði víðs vegar um héraðið til þess að loka þeim, koma í veg fyrir að Katalónar kjósi og gera kjörgögn upptæk. Til heilmikilla átaka kom um alla Katalóníu og þegar Fréttablaðið fór í prentun stóð tala særðra almennra borgara í rúmlega 800.

Sitt sýndist hverjum á Spáni. Ada Colau, borgarstjóri Barcelona, forðæmði aðgerðir lögreglu og sagði hana ráðast á varnarlaus borgara. Soraya Saenz de Santamaria, aðstoðarforsætisráðherra Spánar, var á öðru máli og sagði aðgerðir lögreglu fagmannlegar og í réttu hlutfalli við atburði dagsins. Í yfirlýsingu frá spænsku lögreglunni sagðist lögregla einungis sinna skyldu sinni til að verja lög og reglu.

Birgitta í áfalli

Birgitta fylgdist með framkvæmd kosninganna ásamt 36 öðrum þingmönnum og nokkrum fyrrverandi þingmönnum og ráðherra í boði katalónsku héraðsstjórnarinnar. „Við höfum bæði heimsótt kjörstaði sem hafa sloppið og komið inn á staði þar sem var nýbúið að berja á háöldruðu fólki sem var



Spænska óeirðalögreglan dregur mann út af kjörstað í Sant Julia de Ramis. NORDICPHOTOS/AFP



Spænska lögreglan lagði í gær hald á mikinn fjölda kjörgagna. NORDICPHOTOS/AFP

Ég hef séð alveg ótrúlega hluti í dag sem ég hefði ekki átt von á að sjá frá spænskum yfirvöldum.

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pirata



„Ég hef horft á niðurbrotna katalónska lögregluþjóna. Ég hef séð þá stilla sér upp á milli spænsku lögreglunnar og almennings. Ég hef séð alveg ótrúlega hluti í dag sem ég hefði ekki átt von á að sjá frá spænskum yfirvöldum,“ segir Birgitta og bætir við:

„Kannski gerir maður ráð fyrir því að þeir séu þróaðri en þeir eru í raun. Það er ekki svo langt síðan hér var fasismi og fólk verður að átta sig á því hvaðan spænska stjórnarskráin er sprottin.“

Fallegt og hræðilegt

Birgitta segir að þótt það helsta sem fólk sér séu myndir af ofbeldi sé fólkið í Katalóníu ótrúlegt. Atburðir dagsins hafi verið fallegir og hræðilegir á sama tíma.

„Þetta hefur verið erfitt fyrir kjósendur. Maður sér að eldra fólk er sýnd mikil virðing. Alltaf þegar einhverj gamall kemur á kjörstað fær hann að kjósa fyrir,“ segir Birgitta. Fólk hafi þó sýnt mikla þolinmæði. „Það hafa verið rosalegar raðir. Ég var að tala við konu sem er búin að vera að vinna á kjörstað síðan klukkan fimm í morgun. Sumir hafa staðið í röð í allt að sjö klukkutíma.“

Þegar eldra fólk mætti á kjörstað segir Birgitta að aðrir kjósendur hafi klappað. Mikil samstaða hafi jafnframt verið hjá kjósendum. „Það eru örugglega 2.000 sem sitja hér fyrir utan núna og verja kjörstaðinn svo lögregla steli ekki kjörseðlum. Áður en við lokuðum mátti heyra slagorð hrópuð til heiðurs eldri kynslóðinni. Það var mjög fallegt. Þess vegna er erfitt fyrir fólk að horfa upp á þegar fólk yfir áttæðu er lamið með kylfum og þarf að fara á sjúkrahús.“

fyrir óeirðalögreglunni,“ segir þingmaðurinn.

Eftirlitshópurinn sem Birgitta tilheyrir var að sögn Birgittu hvorki að hvetja fólk til að kjósa með eða á móti. „Þetta snýst ekki um það. Þetta snýst um réttinn til að fá að kjósa.“

Þá segist Birgitta vera í áfalli að verða vitni að svona atburðum í nútímalýðræði. „Það sem maður heyrir frá gamla fólkinu er að það upplifir að Franco hafi aldrei farið. Í þá daga var þó hægt að vita hverjir fasistarnir voru en það er erfiðara í dag því þeir fela andlit sín,“ segir Birgitta og vísar þar til Francisco Franco, fasista og einræðisherra Spánar frá 1936 til 1975.

Afleikur Spánar

„Þetta er svo mikill afleikur hjá spænskum yfirvöldum að haga sér á þennan hátt. Ef þau hefðu bara leyft þessu að gerast hefði verið miklu auðveldara fyrir þau að segjast ekki taka mark á þessu,“ segir Birgitta og bætir því við að hún hafi áhyggjur af framkomu lögreglu í garð kjörinna fulltrúa Katalóna.

Hún segir lögreglu handtaka eða hóta þeim handtöku, hóta því að þeir fái ekki aftur að bjóða sig fram og hóta miklum fjársektum ef fulltrúarnir hlýða ekki tilmælum spænsku ríkisstjórnarinnar.

Ekki missa af þessu!



Gjöf fyrir alla sem mæta

BÓKA
MARKAÐUR
á Fiskislóð 39
OPIÐ TIL 19 Í DAG

ALLRA SÍÐASTI
DAGURINN

Allt að
90%
afsláttur



HONDA
The Power of Dreams

Sparnaðarsnilli

- já og miklu meira



Sjálfskiptur Honda Jazz
frá kr. **2.740.000**



www.honda.is

Þessi Jazz þýðir meira. Meira líf, meiri lipurð, meiri tækni til að njóta, meira öryggi, meiri sparneytni, meira rými fyrir sköpun. Fleiri tækifæri fyrir þig til að leika af fingrum fram. **Já, allt þetta og meira til.**

Honda Jazz - vertu meira til.



Vatnagördum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

Að kjósa þenslu



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Hversu stór hluti kjósenda verðlaunar ábyrgja hagstjórn og hversu margir kjósendur fara í vegið hagsmunamat á valkostum í aðdraganda kosninga?

Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins lýstu andstöðu við fjárlagafrumvarpið þegar það kom fram fyrir í haust. Þorsteinn Pálsson, einn af helstu áhrifamönnum Viðreisnar, tulkadi andstöðuna þannig í sjónvarpsviðtali á Hringbraut á dögunum að fjárlagafrumvarpið hefði líklega ekki notið meirihlutastuðnings. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi þannig verið búnir að ákveða að fella fjárlagafrumvarpið og þar með ríkisstjórnarsamstarfið fyrir jól.

Þessi greining á stöðu mála er langsótt. Í fyrsta lagi lá ekkert fyrir um andstöðu við fjárlagafrumvarpið nema í viðtölum einstakra þingmanna við fjölmiðla. Í öðru lagi verður að teljast líklegt að frumvarpinu hefði verið breytt í meðförum þingsins ef það stefndi í að þáð nyti ekki stuðnings meirihlutans. Hins vegar hafa þeir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem lýstu andstöðu við fjárlagafrumvarpið og þeir sem hafa kallað eftir skattalækkingum í núverandi efnahagsáhrifum í raun lýst því yfir að þeir ætli ekki að standa vörð um þann fjármála-stöðugleika sem er nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að hafa íslenska krónu sem gjaldmiðil í hagkerfi sem er laust úr viðjum fjármagnshafta.

Í raun var fjárlagafrumvarpið besta þingmálið sem fráfarandi ríkisstjórn lagði fram á stuttum starfstíma sínum. Frumvarpið hljóðar upp á 44 milljarða króna afgang og var í samræmi við athugasemdir og tilmæli Seðlabanka Íslands og alþjóðlegra stofnana eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Hagvöxtur hér á landi var 7,2 prósent í fyrra sem er meiri hagvöxtur en í nokkru öðru OECD-ríki. Hagvöxturinn var 4,3 prósent á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Það hefði verið glóruslaus hagstjórn og fullkomlega ábyrgðarlaus að lækka skatta við þessar aðstæður enda hefði slík aðgerð ýtt enn frekar undir þenslu í hagkerfinu.

Margir flokkanna sem bjóða fram hafa boðað stóráukin ríkisútgjöld. Aukin útgjöld ríkisins yta undir þenslu og verðbólgu. Nýleg löggjöf um opinber fjármál mun girða fyrir að flokkarnir sem verða í næstu ríkisstjórn geti hagað ríkisfjármálastefnunni eftir hentisemi og virt að vettugi leiðarvísa ábyrgjar hagstjórnar. Engu að síður er ástæða til að hafa áhyggjur. Málamiðlanir til að tryggja starfhæfa ríkisstjórn í fjölflokkakerfinu gætu reynst kostnaðarsamar fyrir skattgreiðendur og sett efnahagslegan stöðugleika í uppnám.

Fylgisþróun flokkanna í skoðanakönnunum veitir vísbendingar um að ríkisfjármálastefnan sé ekki ofarlega í hugum kjósenda. Óháð stuðningi við einstaka flokka er mikilvægt að kjósendur geri sér grein fyrir að atkvæði með auknum ríkisútgjöldum mun til lengri tíma yta undir óstöðugleika í hagkerfinu hér á landi og veikja þá vinnu sem ráðist hefur verið í á undanföllum árum til að styrkja umgjörð peningastefnunnar. Án ábyrgjar stefnu í ríkisfjármálum verður aldrei hægt að treysta stöðir velferðarkerfisins til langframa.



Fylgisþróun flokkanna í skoðanakönnunum veitir vísbendingar um að ríkisfjármálastefnan sé ekki ofarlega í hugum kjósenda.

Halldór



Frá degi til dags

Framsóknarsamba

Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, sagði á Sprengisandi í gær að hún harmaði klofning flokksins og væri sannfærð um að hann muni sameinast á ný. Það hafa eflaust langflestir tekið eftir því undanfarna daga að kvarnast hefur úr flokknum og að fyrrverandi formaðurinn Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur stofnað Miðflokkinn.

Óljóst er hvernig flokkurinn á að sameinast á ný en það andar vægast sagt köldu á milli formanna flokkanna tveggja. Framsóknarflokkurinn lifir þó allt og hefur starfað í meira en heila öld. Væntanlega lifir Framsóknarflokkurinn þennan klofning því líka af.

Þriðja sætið

Úrslit prófkjörs Pírata voru kynnt í Hörpu um helgina en kosid var á lista í öllum kjördæmum. Það vekur athygli að Ásta Guðrún Helgadóttir, oddviti flokksins í Reykjavík suður í síðustu kosningum, laut í lægra haldi fyrir bæði þingmanninum Jóni Þór Ólafssyni og varaþingmanninum Oktavíu Hrund Jónsdóttur. Tilkynnti hún í gær um að hún myndi ekki taka sæti á lista. Sæti oddvítans fyrrverandi hefði verið í hættu ef hún hefði samþykkt þriðja sætið enda mælast Píratar með minna fylgi en kjörfylgið var í fyrra. thorgnyr@frettabladid.is

Það er komið nóg



Oddný G. Harðardóttir formaður þingflokks Samfylkingarinnar



Í stuttu máli ætti næsta ríkisstjórn að sameinast um góða efnahagsstjórn og öflugra velferðarkerfi.

Við vitum öll hvað varð tveimur síðustu ríkisstjórnunum að falli. Panamaskjöldin og Wintrishneykslið sýndu almenningi inn í heim forréttindastéttar þar sem svik og undirferli, skattaundanskot og vafasöm fjármálaumsýsla þykja eðlileg og daglegt brauð. „Það getur verið erfitt að eiga peninga“, sagði maðurinn sem var að reyna að réttlæta ósömann. Hin síðari féll á leyndarhyggju og margitrekuðum tilraunum til yfirhyllingar óþægilegra staðreynda, jafnvel þótt þær upplýsingar væru nauðsynlegar í bataferli barna og fjölskyldna sem orðið höfðu fyrir óbærilegri lífsreynslu. Traust til beggja ríkisstjórnanna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks annars vegar og Sjálfstæðisflokks, Bjartrar framtíðar og Viðreisnar hins vegar, var í algeru lágmarki þegar þær þurftu að taka pokann sinn. En var það eingöngu vegna þessara tveggja hneykslismála? Ég held ekki. Traustið var horfið þá þegar vegna langrar slóðar svikinna kosningalofrða.

Við í Samfylkingunni viljum að eftir kosningar verði fyrst ráðist í að leysa þann bráðavanda sem blasir við og gera langtímaáætlanir um betra velferðarsamfélag. Taka á húsnaðisvandann, efla gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu í opinberum rekstri, bæta kjör þeirra sem verst eru settir, styrkja menntakerfið til að taka við nýjum áskorunum ásamt því að laga vegi, efla lögregluna, gera réttlátar breytingar á skattkerfinu, auka stuðning við ungt fólk og barnafjölskyldur og setja sanngjarna auðlindastefnu. Ljúka heildarendurskoðun á stjórnarskrá, virða þjóðaratkvæðagreiðslur, vinna gegn spillingu og efla traust og gagnsæi.

Þetta er allt hægt og við höfum efni á því. Í stuttu máli ætti næsta ríkisstjórn að sameinast um góða efnahagsstjórn og öflugra velferðarkerfi. Miklu stórkara opinbert heilbrigðiskerfi, framsækna skóla fyrir alla ásamt mannsæmandi kjörum aldraðra og öryrkja og vinnumarkaði sem tryggir réttindi og jafnrétti. Það þarf ríkisstjórn sem vinnur raunverulega að almannahag. Þó að hér hafi verið samsteyptjórnir þá hefur í þeim ávallt verið tryggt að sérhagsmunaöflin sem reka stjórn málaflíð sem kallast Sjálfstæðisflokkur fari sínu fram og ráðskist með innviði samfélagsins að vild. Það er mál að linni.

Neyðin og ógnin

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson

Þar sem sumir sjá neyð sjá aðrir ógn. Þar sem sumir sjá hjálparþurfi manneskjur sjá aðrir „aðkomumenn“ sem ásælast það sem með réttu tilheyrir „heimamönnum“. Allt eru þetta kenndir sem eru djúpt í okkur – jafnt samúðin sem tortryggnin. En mannkynið er á flótta – allt er á fleygiferð, heilu búsvæðin á Jörðinni að verða óbyggileg af völdum þurrka og flóða. Í kjölfarið fylgja stríð og vargöld.

Við stöndum á lengdar, hér á fyrsta farrými heimsins. Sum okkar sjá neyðina en önnur hugsanlega ógn.

Umönnunarhvötin

Þetta snýst meðal annars um sýn okkar á mennina. Og mikil ósköp: við höfum misjafna reynslu af þeirri dýrategund. Það er alls konar vesen sem fylgir fólki og hefur alltaf gert. Til að mannlegt samfélag leysist ekki upp í óreiðu þarf sérstaka blöndu af sérgæsku og samliðan, reglufestu og frjálsræði, einkaframtaki og samvinnu – sérhæfingu og frumlegu fúski. Þessi blanda verður aldrei fundin hárrétt í eitt skipti fyrir öll, en hefur komist næst því að virka í því þingræðislega lýðræðisfyrirkomulagi og blandaða hagkerfi sem er undirstaða velmegunar í löndum Evrópu. Sé þess gætt að þetta fyrirkomulag haldist – jöfnuður og almennt athafna- og tjáningar-frelsi ásamt öflugu velferðarkerfi og sterkri almannatjónustu – þá skiptir í rauninni ekki höfuðmáli

hvaðan fólk kemur; frá Barðaströnd, Kína eða Sýrlandi.

Mennirnir eru sem sé ofurseldir alls konar hvötum, með misjafnlega gæfulegum birtingarmyndum, sumum spaugilegum, jafnvel indælum, öðrum hroðalegum. Ein er sú frumhvöt okkar sem við tölum ekki oft um og gefum kannski ekki nægilegan gaum: það er umönnunarhvötin. Hún er okkur öllum í blóð borin, og eitt það versta sem getur hent fólk er að sú hvöt fái ekki að blómstra, vegna ytri aðstæðna eða veikinda.

Þessi hvöt stýrði verkum þingmanna þegar þeir felldu úr gildi það úrelta fyrirkomulag að veita mönnum „uppreist æru“ – þar réði umhyggja fyrir þeim börnum sem hugsanlega kynnu að verða á vegi niðinga.

Sama hvöt réði því að meirihluti alþingismanna samþykkti tvær breytingar á lögum um útlendinga; annars vegar er stytur um þrjá mánuði sá tími sem það tekur að afgreiða umsókn án efnislegrar meðferðar, sé um barn að ræða, og hins vegar fá börn hálfsmánaðar frest til að fara fram á endurupptöku máls, hafi verið um synjun á dvalarleyfi að ræða.

Þar sem flest okkar sjá neyð sjá önnur ógn. Það er ekki vegna þess að viðkomandi sé vont fólk, heldur telur það til dæmis ástæðu til að ætla að börn á flótta eigi á hættu að vera rænt af óprúttum aðilum sem telja sig þar með í betri aðstöðu til að fá dvalarleyfi en ella.

Það hugsar málið út frá afbrigðunum frekar en reglunni, með þeim afleiðingum að afbrigðin móta reglurnar sem ná yfir öll þau sem ekkert misjafnt hafa í poka-horninu, ekkert hafa annað en neyð sína. Það er að sjálfsögðu allur þorri þess fólks sem hingað leitar eftir hæli og dvalarleyfi. Öll börn hafa sín altæku réttindi, sem



Stundum er talað um að við getum ekki bjargað heiminum, við hér. Á móti mætti spyrja: Hver annar ætti að gera það en við?

snúast um skjól og vernd, skóla, mat – þetta einfalda sem svo mörg börn í heiminum fara á mis við: Umönnun.

Börn á flótta

Fólk sem sér vegalaus börn sem hingað berast – og telur hugsanlega ógn sem kann að stafa frá einhverjum hugsanlegum óprúttum aðilum eiga að ráða málsmeðferð okkar þegar kemur að vanda þessara barna – það lokar augunum fyrir því að við erum ekki að uppfylla þarfir þessara barna, eins og okkur ber. Það lokar augunum fyrir því að þó að börn séu send eitthvað annað þá hætta þau ekki að vera til. Neyð þeirra hverfur ekki. En hún gæti minnkað nytu þessi börn skjóls hér á landi.

Börn á flótta eru í senn sérlega aðkallandi vandi og óþægilegur að horfast í augu við. Þau eru milljónum saman um allan heim á vergangi, ýmist með fjölskyldum sínum eða hafa orðið viðskila við þær. Þau hrekjast úr einum stað í annan og fá ekki það skjól sem þau þurfa og eiga heimtingu á, samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og samkvæmt því sem umönnunarhvötin býður okkur að veita. Mörg börn eru fædd í flóttamannabúðum og þar með ríkisfangslaus, réttindalaus, eins og það sé sérstaklega refsivert að fæðast í svo ömurlegum aðstæðum. Stundum er talað um að við getum ekki bjargað heiminum, við hér. Á móti mætti spyrja: Hver annar ætti að gera það en við?

Málalok



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

Í fyrra vor hófst mikil umræða um skattgreiðslur eiginkonu minnar, Önnu Pálsdóttur, og þar með mínar líka. Umræðan hverfðist að miklu leyti um félag að nafni Wintris. Félagið hafði Landsbankinn stofnað á sínum tíma til að halda utan um eignir konu minnar á sama hátt og gert var fyrir hundruð viðskiptavina bankanna á sínum tíma. Hún valdi ekki einu sinni heiti félagsins og ég efast um að við höfum nefnt orðið Wintris árum saman enda gegndi það ekki öðru hlutverki í huga okkar en að vera nafn á reikningi eiginkonu minnar. Eignirnar sem undir hann heyrðu, og tekjur af þeim, hafa allt frá upphafi verið gefnar upp til skatts á Íslandi án þess að nokkurn tímann væri reynt að forðast skattlagningu hér eða lækka skatta með því að greiða þá erlendis þar sem skattar voru lægri. Það var ekki einu sinni leitast við að fresta skattlagningu fyrsta árið þótt þá hafi verið heimild til þess vegna hlutabréfakaupa (þrátt fyrir ráðleggingar banka þar um).

Í samráði við endurskoðanda ákvað Önnu að fara varfærnustu leið sem vól var á, í merkingunni að greiða fullan skatt á Íslandi og notast ekki við heimildir laga til að draga úr skattlagningu. Eignirnar og tekjur af

þeim voru fram taldar sem eignir og tekjur Önnu.

Þrátt fyrir hina miklu, oft á tíðum kolröngu og ruglingslegu umræðu um málið, og þrátt fyrir kaup ríkisstjórnar minnar á upplýsingum um erlend félög í eigu Íslendinga, bærust okkur hjónum engar fyrirspurnir eða önnur erindi frá skattayfirvöldum í framhaldinu. Þeim var enda ljóst að eignirnar hefðu verið gefnar upp allt frá því Anna seldi hlut sinn í fjölskyldufyrirtækinu. Því hafði auk þess fylgt nafn félagsins, skráningarland og kaupverð.

Í ljósi umræðunnar ákváðum við þó, að eigin frumkvæði, að senda ríkisskattstjóra erindi þar sem mun ítarlegri grein var gerð fyrir umræddum eignum og tekjum af þeim en skattframtalsform gera ráð fyrir og gefa kost á. Ríkisskattstjóra var boðið að endurmeta þá aðferð sem lögð var til grundvallar skattlagningu.

Ríkisskattstjóri varð við erindinu og við tók margra mánaða ferli þar sem við leituumst við að veita sem ítarlegust svör við öllum fyrirspurnum. Um áramót barst niðurstaða þar sem ríkisskattstjóri fór nýja leið við útreikning skattstofna (auk þess sem leiðrétt var fyrir síðbúinni innheimtu skuldar við félagið sem talin hafði verið töpuð og hafði ekki skilað sér til hins skilvíska skattgreiðanda Wintris). Þetta fól í sér nokkra hækkun skattstofns. Það sem skipti þó meira máli var að ljóst þótti að ekki hefði verið gerð tilraun til skattaundanskots. Fyrir vikið þurfti ekki að greiða álag af viðbótarpophæðinni.

Endurskoðendur okkar töldu hina nýju aðferð ríkisskattstjóra ekki ganga upp. Engu að síður var

ákveðið að greiða skattinn til fulls en með fyrirvara. Raunar greiddum við meira en farið var fram á. Ríkisskattstjóri hafði ákvarðað tiltekna upphæð en við bentum á að miðað við forsendurnar sem lágu til grundvallar hefði ríkisskattstjóri vanáætlað hvað við ættum að greiða (við erum samsköttuð). Mér var tjáð að það þættu nokkur nýmæli að skattgreiðandi sem fengi ákvarðaðan á sig skatt færi fram á að ákvörðunin yrði hækkuð.

Málinu var svo vísað til yfirskattanefndar til endanlegrar afgreiðslu. Endanleg niðurstaða liggur nú fyrir einu og hálfu ári eftir að þetta hófst allt saman. Úrskurður Yfirskattanefndar er eftirfarandi: „Hinar kærðu breytingar ríkisskattstjóra eru felldar niður. Málskostnaður til greiðslu úr ríkissjóði ákveðst 500.000 kr.“

Eiginkona mín hefur þegar fengið endurgreiðslu vegna ofgreiddra skatta en auk þess mun uppsafnað tap dragast frá á næstu árum.

Ef til vill ætti maður að þakka sjónvarpsmönnum fyrir að benda á að eiginkona mín geti sparað sér skattgreiðslur. Mér hefði þó þótt heiðarlegra að sú ábending bærist með öðrum hætti en raun varð. Ef heiðarleg vinnubrögð hefðu verið viðhöfð og ég eða kona mín einfaldlega verið spurð út í félagið hefði verið hægt að veita allar upplýsingar eins og raunar var gert. Það var hins vegar ekkert tillit tekið til skýringanna því búið var að skrifa handrit fyrir fram. Í stað þess að leita sannleikans var leitast við að draga upp hið gagnstæða með mikilli fyrirhöfn. Sett á svið leikrit, reynt við að blekkja og rugla bæði viðmælendur og áhorfendur, viðtal tekið úr sam-

hengi til að láta það líta út fyrir að vera allt annað en lagt var upp með, litið fram hjá svörum, skýringum og staðreyndum. Tilgangurinn hafði ekkert með sannleiksleit að gera. Handrit og framleiðsla snerust um að reyna að niðurlægja forsætisráðherra Íslands og þar með landið í útlöndum og, eins og við fengum að heyra, fella ríkisstjórn landsins.

Hvergi annars staðar voru önnur eins vinnubrögð viðhöfð, ekki einu sinni í Bretlandi þar sem forsætisráðherrann hafði þó haft raunverulegan ávinning af eignum sem skattlagðar voru á lágs-kattasvæði en ekki í heimalandinu.

Umboðsmaður Alþingis tók fljótt af allan vafa um hæfi enda hefði það skotið skökku við ef maðurinn sem var stöðugt að berjast fyrir því að fórna hagsmunum eigin fjölskyldu hefði talist vanhæfur en ekki allir hinir sem gerðu ráðstafanir sem vörðu eigin hagsmuni (og annarra).

Öllu skynsömu fólki má vera ljóst að þótt það hefði ef til vill þjónað pólitískum hagsmunum mínum að auglýsa að ég væri stöðugt að berjast fyrir lagabreytingum sem myndu ganga á hagsmuni eiginkonu minnar hefði slíkt ekki hjálpað til í baráttunni fyrir þeim markmiðum eða þjónað hagsmunum íslensks samfélags. Niðurstaðan varð sú að baráttan vannst og markmiðin náðust.

Niðurstaðan varðandi eiginkonu mína er því sú að hún hefur alltaf leitast við að leggja sitt af mörkum til samfélagsins (samanlagðar skattgreiðslur nema á fimmta hundrad milljónum á núvirði), hún hefur ekki nýtt þau tækifæri sem gáfust til að skattleggja eignir sínar í lág-skattaríkjum, hún tapaði stórum

hluta eigna sinna í bankahruninu og meiru til með lagabreytingum eftir hrun. Næst fórnadi hún enn meiru af því sem eftir var af inneigninni hjá hinum föllnu bönkum til að hægt væri að koma til móts við skuldsett íslensk heimili og bjarga efnahag landsins (og var einn helsti hvatamaður minn í þeim efnum). Hún lét vera að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum á meðan ég væri í stjórn-málum, nýtti sér ekki leið sem henni bauðst til að kaupa krónur á afslætti í gegnum Seðlabanka Íslands og fannst rangt að hagnast á þeim verðtrygghu háu vöxtum sem ég var að berjast gegn. Fyrir vikið, og fyrir að vera gift mér, hefur hún samt mátt þola hreint nið frá mörgum pólitískum andstæðingum mínum og eftir að því tók að linna frá nokkrum fyrrverandi samherjum mínum.

Það er þó fyrst og fremst ástæða til að nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim sem sáu í gegnum moldviðrið og veittu okkur hjónum ómetanlegan stuðning, allt frá því að ráðast í eigin rannsóknir eða standa með mér í pólitíska slagnum að því að veita kærkomna hvatningu á götum úti, í simtölum eða eftir öðrum leiðum. Mér finnst líka ástæða til að þakka þeim sem lögðu á sig mikla vinnu við að yfirfara málið og leiða hið rétta fram hvort sem þeir voru í vinnu fyrir okkur eða samfélagið. Þótt ég hafi ávallt verið meðvitaður um að allt væri með felldu verð ég að viðurkenna að eftir allt það sem á undan var gengið óttaðist ég að það kynni að reynast erfitt að kveða upp eins afdráttarlausan úrskurð og raunin varð.

Ný verkefni og tækifæri biða og ég hlakka til að vinna að þeim af fullum krafti.



Bjarni Ólafur Eiríksson lyftir Íslandsmeistarabikarnum á loft á Hlíðarenda og Grindvíkingar fagna markameti Andra Rúnar Bjarnasonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK/SILJA ÚLFARSDÓTTIR

Andri jafnaði metið og Víkingur féll

Pepsi deild karla kláraðist um helgina. Mikil spenna ríkti í Vestmannaeyjum og á Akranesi þar sem ÍBV og Víkingur Ó börðust um að halda sér í deild hinna bestu að ári. Grindvíkingurinn Andri Rúnar Bjarnason kom sér í hinn goðsagnakennda 19 marka klúbb.



Styrkir úr Tónlistarsjóði 2018

Umsóknarfrestur til 15. nóvember

Rannís auglýsir eftir styrkumsóknum úr Tónlistarsjóði til verkefna sem efnt verður til á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2018.

Hlutverk Tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild.

Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á www.rannis.is. Umsóknur og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.

Umsóknarfrestur rennur út 15. nóvember 2017 kl. 16.00. Ekki er hægt að senda inn umsóknir eftir þann tíma.

Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, í maí og nóvember. Næsti umsóknarfrestur er 15. maí 2018.

Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími: 515 5800, tonlistarsjodur@rannis.is



FÓTBOLTI Lokaumferð Pepsi deildar karla var spiluð á laugardag, og ríkti mikil spenna fyrir hana. Andri Rúnar Bjarnason gat jafnað eða bætt markametið, ÍBV og Víkingur Ó. kepptust um að halda sæti sínu í deildinni að ári og FH gat rænt öðru sæti deildarinnar af Stjörnunni.

Það fór svo að Andri Rúnar skoraði eitt mark og jafnaði metið, FH mistókst að taka annað sætið og var það því í fyrsta skipti síðan 2002 sem FH lendir ekki í öðru tveggja efstu sætanna. Víkingi Ó. mistókst að vinna ÍA og féll því úr efstu deild með andstæðingunum frá Akranesi.

Pressa í Grindavík

Það var mikil pressa á Bolvíkingnum Andra Rúnari Bjarnasyni fyrir leik Grindavíkur gegn Fjölni í gær. Andri Rúnar hafði skorað 18 mörk á tímabilinu og var beðið með eftirvæntingu hvort hann næði að jafna, eða jafnvel bæta, hið langlífa 19 marka met.

Andri fékk frábært tækifæri til þess þegar Grindavík fékk vítaspurnu á 20. mínútu leiksins. Hann brenndi hins vegar af vítinu og allt útlit var fyrir að markíð myndi ekki koma.

En allt kom fyrir ekki og skoraði Andri Rúnar sigurmark Grindavíkur á 88. mínútu leiksins og er kominn í hinn fræga 19 marka klúbb.

„Þetta er mikill léttir, mjög mikill. Það var komin ágætis pressa frá ykkur öllum og fínt að jafna þetta. Ég var kominn með krampa þegar tuttugu mínútur voru eftir en ég var allan tímann bara að hugsa um að skora og það tókst,“ sagði Andri Rúnar eftir leikinn í gær. Hann sagði einnig að hugurinn leitaði út í atvinnumennsku,

„Það er ekki hann sem hefur verið inni á vellinum í sumar og það erum við leikmennirnir sem þurfum að axla ábyrgð.“

David Þór Viðarsson

en ef hann yrði áfram á Íslandi á næsta tímabili myndi hann skora 20 mörk og slá metið.

Vesturlandið féll

Fyrir leiki helgarinnar munaði einu stigi á ÍBV og Víkingi Ó. í 10. og 11. sæti deildarinnar. Vestmannaeyingar fengu KA í heimsókn á Hásteinsvöll og Ólsarar fóru á Skipaskaga og mættu föllnum ÍA-mönnum.

